

Alþingi
Erindi nr. P 135/1738
komudagur 10.3.2008



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. mars 2008.

Alþjóðahúsinu ehf. hefur borist til umsagnar frá Efnahags- og skattanefnd Alþingis, tillögu til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera, 303. mál.

Alþjóðahús styður ofangreinda tillögu heils hugar. Með þeirri afdráttarlausu stefnu að engin slys eða óhöpp séu réttlætunleg á vinnustað og aðgerðum í þá átt, hafa Bechtel og Alcoa sýnt fram á að hægt er að lækka slysatíðni og vinnuóhöpp án aukins tilkostnaðar. Gangi hið opinbera fram með góðu fordæmi eru líkur á að fyrirtæki á almennum markaði fylgi í kjölfarið.

Virðingarfyllst,

Margrét Steinarsdóttir

Margrét Steinarsdóttir
lögfræðingur Alþjóðahúss



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
efnahags- og skattanefnd
Alþingishúsinu v/Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/1765
komudagur 11.3.2008

Reykjavík, 10.03.2008
Tilv. 2008/0028
SÖG

Efni: Tillaga tii þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera, 303. mál

Félag íslenskra stórkaupmanna vísar til erindis Alþingis frá 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera, 303. mál.

Félagið gerir ekki að svo stöddu athugasemd við efni tillögunnar, en áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum komi til breytinga á henni í meðförum Alþingis sem varðar hagsmuni félagsins.

Virðingarfyllt


Sigurður Örn Guðleifsson, hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 135/1904
komudagur 27.3.2008

Alþingi
b.t. Eiríks Áka Eggertssonar nefndaritara
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. mars 2008

Við er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis vegna tillögu til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmd hins opinbera, 303 mál.

Ríkiskaup og Framkvæmdasýsla ríkisins eru meðmælt tillögunni en vilja vekja athygli á að framkvæmdaútböð eru á vegum þeirra stofnana sem framkvæmdir annast eins og Vegagerð, Siglingastofnun, Framkvæmdasýslu ríkisins og fleiri.


Við viljum jafnframt vekja athygli á að það kann að vera erfiðleikum háð að meta slysa- og atvinnusjúkdómatölfræði viðkomandi bjóðenda þar sem setja þarf fram nákvæmt matsmódel í útböðsgögn sem kann að valda vandkvæðum og þarf að skoða nánar. Auk þess þarf að skoða hvort slíkir skilmálar í útböðsgögnum eru andstæðir tilskipunum um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18 frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útböð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu

Ríkiskaup og framkvæmdasýsla ríkisins telja að skoða þurfi áður en tillagan er samþykkt hvort hún samræmist ákvæðum framangreindra tilskipana og laga um opinber innkaup nr. 84/2008.

Þá má einnig benda á að nokkrir stórir opinberir verkkaupar stofnuðu með sér samtök í desember 2006, Samtök opinberra verkkaupa (SOV), og eru vinnuumhverfismál eitt af áherslumálum samtakanna. Þessi samtök hafa nú sett fram Vinnuumhverfisstefnu þar sem sett er fram markmið um að enginn slasist eða bíði heilsutjón við mannvirkjagerð.

Samþykktir SOV eru fylgiskjal með þessu bréfi, ásamt Vinnuumhverfisstefnu samtakanna.

Virðingarfyllst
f.h. Ríkiskaupa
og Framkvæmdasýslu ríkisins


Júlíus S. Ólafsson
forstjóri



RÍKISKAUP

MÓTTEDIÐ (fsr)

22 FEB 2007

Mál: 5500

SAMTÖK OPINBERRA VERKKAUPA

SAMÞYKKTIR

1. desember 2006

SN. R. G. G. G. G.

1. grein Nafn og heimili

Samtökin heita Samtök opinberra verkkaupa, skammstafað SOV. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein Tilgangur

Tilgangur SOV er:

1. Að vera samtök opinberra aðila á Íslandi, sem stunda kaup á verkum og þjónustu þeim tengdum.
2. Að beita sér fyrir aukinni gæðavitund við mannvirkjagerð á Íslandi og innleiðingu gæðastjórnunar við verklegar framkvæmdir.
3. Að leggja áherslu á öryggis- heilbrigðis- og umhverfismál sem tengjast verklegum framkvæmdum.
4. Að vera leiðandi í samræmingu og þróun aðferða og gagna sem tengjast útboðum á verklegum framkvæmdum og þjónustu þeim tengdum.
5. Að taka þátt í innlendu og alþjóðlegu samstarfi er snýr að stöðlun, hagræðingu og þróun í mannvirkjagerð.
6. Að stuðla að ráðstefnum á sviði mannvirkjagerðar sem taka á gæðavitund, öryggi, heilbrigði, umhverfi og samræmingu útboðsgagna í verklegum framkvæmdum

3. grein Aðili að samtökunum

Ríkisstofnanir sem hafa með höndum kaup á verkum og þjónustu þeim tengdum geta gerst aðilar að samtökunum. Einnig öll sveitarfélög í landinu og stofnanir þeirra sem sinna verklegum framkvæmdum.

4. grein Úrsögn og brottvikning

Heimilt er að segja sig úr samtökunum með þriggja mánaða fyrirvara. Brjótí aðili gegn ákvæðum samþykktá þessara getur stjóm samtakanna vikið honum úr samtökunum, enda hafi aðilanum gefist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

5. grein Árgjöld

Starfsár samtakanna og reikningsár er almanaksárið. Aðalfundur ákveður árlega árgjald til samtakanna og gildir sú ákvörðun frá upphafi næsta árs. Árgjöld skulu innheimt einu sinni á ári og er eindagi 1. maí ár hvert. Árgjöldum er ætlað að standa undir útlögðum kostnaði samtakanna hverju sinni, en ekki er gert ráð fyrir því að samtökin beri launakostnað sbr. 6. grein.

G.M.
R.G.
S.V.
1 D.V.

6. grein Rekstur samtakanna

Nema aðalfundur ákveði annað er ekki gert ráð fyrir að samtökin hafi starfsmann á launum. Sú vinna sem fram fer á vegum samtakanna er að jafnaði unnin af starfsmönnum aðildaraðilanna og á kostnað þeirra. Um framlag hvers aðila er samið í upphafi hvers verkefnis, eða á aðalfundi, og ræðst framgangur hvers verkefnis almennt af því hversu mikla vinnu aðilarnir eru tilbúnir að leggja fram. Ekki er gerð krafa um lágmarksframlag hvers aðila, en hins vegar er gert ráð fyrir að allir leggi eitthvað af mörkum.

7. grein Stjórn

Stjórn samtakanna skipa þrjú menn, formaður, gjaldkeri og ritari og skipta þeir með sér verkum eftir að stjórnin hefur verið kosin á aðalfundi.

Stjórn samtakanna mótastefnu og megináherslur samtakanna. Hún ákveður hversu oft þarf að koma saman til fundar, en að jafnaði skal miða við að ekki sé fundað sjaldnar en annan hvern mánuð. Stjórnin þiggur ekki laun frá samtökunum fyrir vinnu sína.

Gangi maður úr stjórn skal hann tilnefna í sinn stað varamann frá sama aðila.

8. grein Aðalfundur

Aðalfundur samtakanna hefur æðsta vald í málefnum Samtaka opinberra verkkaupa. Aðalfundur skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert og skal til hans boða með minnst tveggja vikna fyrirvara með tilkynningu til félaga. Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétt eiga fulltrúar frá aðildaraðilum.

Á aðalfundi skal fráfandi stjórn leggja fram skýrslu um starfsemi liðins árs ásamt reikningum samtakanna. Hún skal einnig leggja fram drög að áætlun um starfsemina á komandi ári, sem afgreidd skal á aðalfundinum.

Kjósa skal þriggja manna stjórn til eins árs. Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi fer hver aðildaraðili með eitt atkvæði. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum samtakanna að undanskildum breytingum á samþykktum þessum, en þar þarf 75% greiddra atkvæða.

9. grein Samtökum slitið

Ef til þess kemur að nauðsynlegt reynist að slíta samtökunum skal það gert með samþykki á aðalfundi með að lágmarki 75% greiddra atkvæða. Fundur sá sem samþykkir að slíta samtökunum skal kveða á um hvernig ráðstafa skuli eignum þeirra og greiðslu skulda.

Samþykktir þessar voru samþykktar og undirritaðar á stofnfundi Samtaka opinberra verkkaupa, SOV, 1. desember 2006.

6/11/06
R.G.
2
O.V.
D.V.

Stofnaðilar að Samtökum opinberra verkkaupa, SOV:

Framkvæmdasýsla ríkisins



Óskar Valdimarsson

Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar




Guðmundur Pálmi Kristinsson

Siglingastofnun



Gísli Viggósson

Vegagerðin



Rögnvaldur Gunnarsson

Gilla.
R6
G0
D.V.



SAMTÖK OPINBERRA VERKKAUPA (SOV)

VINNUMHVERFISSTEFNA

SOV munu stuðla að því að gera vinnumhverfi við mannvirkjagerð á Íslandi öruggt og heilsusamlegt

MARKMIÐ VINNUMHVERFISSTEFNU

Markmiðið er að enginn slasist eða bíði heilsutjón við mannvirkjagerð





Alþingi
Erindi nr. P 135/1735
komudagur 10.3.2008

Nefndasvið Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 6. mars 2008

2008020148/91/SG/gh

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera

Ofangreind tillaga lýtur að því að innkaupastefna ríkisins taki mið af áhrifum framkvæmda á öryggi, heilsu og aðbúnað starfsfólks. Lagt er til að horft verði til árangurs verktaka, birgja og annarra, sem ríkið semur við í öryggis- og heilsuverndarmálum. Gert er ráð fyrir að þeir sem bjóða í verk leggi fram tölfræði fyrirtækis síns um slys og atvinnusjúkdóma og hvernig þeim hefur tekist að forðast slíkt.

Hér er hreyft þörfu máli. Mjög skynsamlegt er að tekið verði tillit til árangurs verktaka og annarra í því efni að draga úr tíðni atvinnusjúkdóma og slysa í verkum sínum. Þetta mál þyrfti vafalítið nánari athugunar við og umræðu um útfærslu, en eindregið er lagt til að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Alþingi
Eiríkur Áki Eggertsson, nefndarritari
Efnahags- og skattanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 10.03.2008

Tilv. 40.13

JP/gg

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera, 303. mál

Landspítala hefur borist til umsagnar bréf Alþingis, dags. 15. febr. sl., um tillögu til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera, 303. mál.


Efni þingsályktunartillögunnar hefur verið til skoðunar hjá skrifstofu tækni og eigna hjá LSH en sú skrifstofa sér um öll stærri verkefni sem lúta að framkvæmdum hjá LSH.

Það er álit LSH að öryggi við framkvæmdir á vegum hins opinbera sé ágætlega fyrir komið og að reglur Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á bygginga vinnustöðum sem og við tímabundna mannvirkjagerð (546/1996) séu mjög skýrar. Í þeim samningum um framkvæmdir hjá LSH, sem gerðir eru af hálfu Framkvæmdasýslu ríkisins og Ríkiskaupa, er lögð rík áhersla á þessa þætti og er árangur ágætur og reynslan góð.

Í ályktunni er gerð tillaga um að endurskoða innkaupastefnu ríkisins og nefnt í greinargerð að verkþjóðanda verði gert að leggja fram slysa- og atvinnusjúkdómatölfærði og slíkt hefði 25 - 50% vægi við sérhverja ákvörðun. Í útboðskilmálum hins opinbera eru ávallt sérstök ákvæði um öryggi á vinnustað og það er mat LSH að þau ákvæði séu fullnægjandi og ekki mælt með því að vægi þeirra tölfræðilegu upplýsinga sem getið er um fái jafnmikið vægi og í greinargerð er gert ráð fyrir.

Leggja þarf áherslu á gildandi lög og reglur um vinnueftirlitið og að farið sé eftir þeim og er það reynsla LSH að eftirlitið sé í raun mjög virkt í dag.

Virðingarfyllt
F.h. Landspítala



Johannes Pálmason, yfirlögfræðingur

LÝÐHEILSUSTÖÐ
20.2.2008

Alþingi
Erindi nr. P 135/1574
komudagur 20.2.2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis.

Svar við beiðni um umsögn við þingsályktun um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera, 303. mál.

Hjá Lýðheilsustöð er ekki sérfræðipækning á málefninu og því mun umsögn ekki berast frá stöðinni.

Kær kveðja,
Jóhann Þór Halldórsson
skrifstofustjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/1766
komudagur 11.3.2008



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2008

Tillaga til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera, 303. mál

Samtök iðnaðarins þakka fyrir að fá að veita umsögn um tillögu um aukið öryggi við opinberar framkvæmdir.

Um árabíl hafa Samtök iðnaðarins hvatt félagsmenn sína á sviði mannvirkjagreina að tileinka sér bætt verklag við stjórnun og rekstur. Nátengd er áhersla á öryggis- og heilbrigðismál. Líkt og flutningsmaður tillögunnar hafa Samtökin fylgst með góðum árangri á starfssvæði Fjarðaáls á Reyðarfirði. Þar gengur verkkaupinn Alcoa fram fyrir skjöldu og setur mjög afgerandi kröfur á þessu sviði og fylgir þeim eftir af einurð og festu.

Í greinargerð með tillögunni segir réttilega að sem stærsti kaupandi á markaði getur hið opinbera haft mikil og góð áhrif með auknum kröfum til verktaka og birgja á sviði öryggismála og heilsuverndar.

Samtökin styðja umræðu sem leiðir til vakningar á þessu sviði.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Árni Jóhannsson

smfr

● ● Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi ●

Alþingi
Erindi nr. P 135/1739
komudagur 10.3.2008

Fjarðargata 13-15
220 Hafnarfjörður
Sími: 525 0900
Myndsendir (fax): 5250909
Netfang: smfr@smfr.is


Hafnarfjörður 10. mars 2008

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10.
150 Reykjavík

Efni: þskj. 375 - 303. mál.

Það tilkynnist hér með að Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Reykjanesi gerir engar efnislegar athugasemdir við þingsályktunartillöguna um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera.

Virðingarfyllt,
f.h. SMFR



Sigríður Kristjánsdóttir
framkvæmdastjóri
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi
Sími: 525-0900 / Fax: 525-0909
www.smfr.is



*Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra
Suðurlandi*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

*Alþingi
Erindi nr. P 135/1737
komudagur 10.3.2008*


Selfossi 05.03. 2008

Vegna umsagnar um tillögu til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera, 303. mál.

Undirrituð fagnar þeim markmiðum sem fram koma í tillögu til þingsályktunar, þar sem fram kemur að setja þurfi núllslysastefnu.

Mælt er með að Vinnuefirlit ríkisins verði efld með það að markmiði að ríkið hafi burði til að standa vörð um þær framkvæmdir sem eru á þeirra vegum.

Virðingarfyllst,


Laufey Jónsdóttir framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. D 135/1736
komudagur 10.3.2008

6. mars 2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis

Til Svæðisskrifstofu Vestfjarða hefur borist ósk um að skrifstofan veiti umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera, 303.mál. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum hefur ekkert út á þessa þingsályktunartillögu að setja. Svæðisskrifstofan reynir að tryggja öryggi og heilsu og aðbúnað sinna starfsmann sem best og er miðfylgjandi því að opinberar stofnanir á Íslandi séu þar í fararbroddi.

Með kveðju

Arnheiður Jónsdóttir
Sviðsstjóri
Svæðisskrifstofu Vestfjarða.

**Nefndasvið Alþingis,
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**

Reykjavík, 27.02.2008

Efni: Beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera, 303. mál.

Útlendingastofnun barst bréf frá efnahags- og skattanefnd Alþingis, dags. 15. febrúar sl., þar sem farið var þess á leit að stofnunin veitti umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera.

Útlendingastofnun gerir engar athugasemdir við ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

F.h. Útlendingastofnunar


Ragnheiður Ólafarsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 135/1675
komudagur 5.3.2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. mars 2008
Tilvísun: 2008020036/90.12
JH/BH
15.02.2008

Efni: Aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera, þskj. 375 - 303 mál.

Endurskoðun innkaupastefnu ríkisins með þeim markmiðum sem fram koma í tillögu til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera eru augljóslega skref til framfara. Enda er slíkt í samræmi við þá öryggisstefnu sem Vegagerðin hefur sett sér og fram kemur í gæðahandbók stofnunarinnar.

Í greinargerð með tillögunni er gerð grein fyrir þeim ágæta árangri í vinnuvernd sem náðist við byggingu álvers Alcoa á Reyðarfirði og síðan lögð til ákveðin aðferðafræði við val á verktökum/birgjum í opinberum útboðum. Sú tölfræði sem lagt er til að notuð verði er því miður ekki fyrir hendi varðandi stærstan hluta fyrirtækja. Þó að gert sé ráð fyrir að öll slys séu skráð í samræmi við lög eru tiltölulega fáir aðilar sem skrá með samræmdum hætti fjarveruslysatiðni, hvað þá að slíkar tölur séu aðgengilegar verkkaupum. Til þess að unnt sé að nota fjarveruslysatiðni við val á verktökum þurfa þessar upplýsingar fyrir einstök fyrirtæki að vera áreiðanlegar og aðgengilegar.

Einnig er í greinargerðinni lögð fram sú hugmynd að tölfræði um slys og atvinnusjúkdóma verði metin sem ákveðið hlutfall af tilboði (25-50%). Vegagerðin mælir frekar með þeirri aðferð að til þess að mega leggja fram tilboð þurfi fjarveruslysatiðni bjóðanda að vera undir tilgreindu lágmarki.

Virðingarfyllt,


Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 135/1734
komudagur. 10. 3. 2008



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera (303. mál.)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu þar sem mælt er til að Alþingi feli fjármálaráðherra að endurskoða innkaupastefnu ríkisins.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK
b.t. efnahags- og skattanefndar

Reykjavík 3. mars 2008

Tilvísun: 200802-0084/
0.03.00

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera

Vinnueftirlitið fagnar þessari tillögu til þingsályktunar. Íslenska ríkið er langstærsti verkkaupinn á Íslandi á sviði mannvirkjagerðar, m.a. er það aðalverkkaupi flestra samgönguframkvæmda og virkjana- og orkuframkvæmda. Vinnuslys eru tíðust í mannvirkjagerð hér á landi miðað við aðrar starfsgreinar, og þar sem ríkið er einn stærsti verkkaupinn er æskilegt að það og stofnanir þess móti sér stefnu sem miði að því að þeir verktakar sem ríkið velur til að sinna mannvirkjagerð, vinni að aðbúnaði og öryggi starfsmanna sinna á sem bestan máta og í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum svo hægt verði að draga úr vinnuslysum og atvinnusjúkdómum á Íslandi. Vinnueftirlitið bendir á mikilvægi þess að opinberir verkkaupar skilgreini á fullnægjandi hátt í útboðsgögnum hvaða kröfur verkkaupar þurfi að uppfylla varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á byggingarvinnustað. Þar sem verkkaupinn ræður þá sem verkið vinna getur hann haft veruleg áhrif á hvernig starfsumhverfið verður á væntanlegum byggingarvinnustað.

Vinnueftirlitið vill einnig benda á að það hefur sýnt sig að þegar ríkið og stofnanir þess hafa valið verktaka sína eingöngu út frá því hversu lágt þau bjóða í verkin þá eru miklar líkur á því að “hagkvæmnin” bitni á öryggi starfsmanna, því forgangur þessara verktaka er að skila af sér verkefninu með eins litlum kostnaði og völ er á og þar sem þeir hafa oft á tíðum boðið of lítið í verkin þá eru vinnuverndarmál eðli máls oft ekki hátt skrifuð hjá þeim.

Vinnueftirlitið styður þær tillögur sem lagðar eru fram í þessum drögum til þingsályktunar en vill einnig benda á að oft skipta verktakar um kennitölur og því er erfitt að fylgja slysa- og atvinnusjúkdómatölfræði verktakafyrirtækja sem hafa “ungar” kennitölur í því skyni að meta það hvort þeir sinni öryggis- og heilsuvernd starfsmanna sinna eins og best verður á kosið. Því er nauðsynlegt að ríkið setji sér einnig reglur sem miða að því að forðast að eiga viðskipti við forsvarsmenn verktakafyrirtækja sem hafa orðið uppvísir að svokölluðu “kennitölufлакki”.

Geta má þess að skv. dönsku vinnuverndarlögunum þá er danska Vinnueftirlitinu heimilt að birta á netinu eftirlitsskýrslur og flokka fyrirtæki miðað við það hversu vel þeir sinna vinnuverndarstarfi þannig að auðvelt er að sjá hvaða fyrirtæki sinni öryggis- og heilsuverndarmálum starfsmanna sinna. Æskilegt væri að Vinnueftirlitinu væri einnig

veitt slík heimild því þá myndu ríki, sveitarfélög og einkaaðilar eiga auðveldara með að velja sér verktaka m.a. á grundvelli frammistöðu þeirra í öryggismálum og heilsuvernd starfsmanna sinna og þar með stuðla að fækkun vinnuslysa og atvinnusjúkdóma á Íslandi.

Að lokum vill Vinnueftirlitið benda á það að þegar verktaki sinnir vel öryggis- og heilsuverndarmálum starfsmanna sinna er það vísbending um það að hann sé traustur og áreiðanlegur verktaki og því er það til hagsbóta fyrir verkkaupa að slíkir verktakar séu valdir þó þeir virðist við fyrstu sýn “dýrari” en aðrir.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins



Eyjólfur Sæmundsson forstjóri